

# Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins  
er í Síðumúla 29, 2. hæð,  
150 Reykjavík.  
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.  
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is  
Árg. kostar 2.500 krónur,  
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 86 94. ár

Föstudaginn 20. júlí 2001

## Laust prestakall

Biskup Íslands auglýsir laust til afleysingar embætti sóknarprests í Ólafsfjarðarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. október 2001 til 30. september 2004.

- Kirkjumálaráðherra setur í embættið.
- Um launakjör fer skv. ákvörðun kjara-nefndar, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Óskað er eftir því að umsækjendur geri í umsókn skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.
- Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á Biskupsstofu, sími 535 1500, grænt nr. 800 6550, fax 551 3284.
- Umsóknarfrestur rennur út 15. ágúst 2001.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, Biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Með vísan til 13. og 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 eru konur hvattar til að sækja um ofangreint embætti.

Reykjavík, 12. júlí 2001.

F. h. biskups,

**Guðmundur Þór Guðmundsson.**

(9641)

## Lausar stöður

*Hafnarfjörður.*

Lausar eru til umsóknar 3 stöður lögreglumanna við embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði. Stöðurnar eru lausar frá 1. september nk. Umsóknum skal skilað til lögreglustjóra, Guðmundar Sóphussonar, fyrir 28. júlí 2001. Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, [www.logreglan.is](#), undir liðnum „*Eyðublöð*“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 13. júní 2001.

**Ríkislögreglustjórinn.**

(9657)

## Auglýsing

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 2. júlí 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

9640)

*Guðmundur Árnason.*

## Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík og aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, varðandi lóðina nr. 38 við Suðurhlíð í Fossvogi (fyrrum lóð Landgræðslusjóðs)

Í samræmi við 1. mgr. 21. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi og aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016, varðandi lóðina nr. 38 við Suðurhlíð í Fossvogi (fyrrum lóð Landgræðslusjóðs).

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að landnotkun lóðarinnar breytist úr stofnanasvæði í íbúðasvæði.

Deiliskipulagstillagan gerir m.a. ráð fyrir að núverandi byggingar á lóðinni verði fjarlægðar. Lóðin stækki lítillega í austur og suður og henni verði skipt upp í tvær lóðir. Á vestari lóðinni verði ekki heimilt að byggja en á austari lóðinni verði heimilt að byggja um 5100 fm íbúðarhús með um 50 íbúðum auk bílakjallara. Húsið verði á allt að þremur hæðum með inndreginni fjórðu hæð.

Tillögurnar liggja frammi í sal Borgarskipulags og byggingarfulltrúa í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 – 16.00 frá 20. júlí til 17. ágúst 2001. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að kynna sér tillögurnar og koma með ábendingar og gera athugasemdir við þær. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til Borgarskipulags Reykjavíkur fyrir 31. ágúst 2001.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 13. júlí 2001.

**Borgarskipulag Reykjavíkur.**

9659)

## Nauðungarsölur

### Sauðárkrókur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Suðurgötu 1, Sauðárkróki, fimmtudaginn 30. ágúst 2001 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar:                       | Gerðarþoli (-ar):       | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|-------------------------------------|-------------------------|------------------------------|----------------------------|
| Ás 2, Sveitarfél. Skagaf.<br>9466)  | Einar Valur Valgarðsson | Lánasjóður landbúnaðarins    | 996.580,52                 |
| Kirkjugata 15, Hofsósi<br>9467)     | Anna Linda Hallsdóttir  | Búnaðarbanki Íslands hf.     | 259.694,00                 |
| Kringlumýri, Akrahreppi<br>9468)    | Sigurður Hansen         | Lánasjóður landbúnaðarins    | 2.345.596,72               |
| Ríp 1, Sveitarfél. Skagaf.<br>9469) | Birgir Þórðarson        | Lánasjóður landbúnaðarins    | 319.581,89                 |
| Ríp 2, Sveitarfél. Skagaf.<br>9470) | Birgir Þórðarson        | Lánasjóður landbúnaðarins    | 708.509,36                 |

| Heiti eignar:                                                                          | Gerðarþoli(-ar):                           | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|----------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------|------------------------------|----------------------------|
| Skálá, 25% hl. Sveitarfél. Skagaf. <sup>9471)</sup>                                    | Árni Benediktsson                          | Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  | 302.385,00                 |
| Ægisstígur 5 <sup>9472)</sup>                                                          | Jón Geirmundsson og Anna Björk Arnardóttir | Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  | 358.999,00                 |
| Víðimýri, Sveitarfél. Skagaf. <sup>9473)</sup>                                         | Kristján Jósepsson                         | Íbúðalánasjóður              | 3.091.581,42               |
| Sauðárkróki, 27. júní 2001.<br>Sýslumaðurinn á Sauðárkróki,<br><b>Ríkarður Másson.</b> |                                            |                              |                            |

## Stefnur

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Sparisjóður vélstjóra, útibú, kt. 691086-2249, Síðumúla 1, 108 Reykjavík.

*Stefndu:* Akureyrarleið ehf., kt. 510299-2649, Jöklafold 23, 112 Reykjavík, fyrirsvarsmaður Guðjón H. Hauksson, kt. 290964-3189, Jöklafold 23, 112 Reykjavík, Guðjón H. Hauksson, kt. 290964-3189, Jöklafold 23, 112 Reykjavík og Bragi Höskuldsson, kt. 241078-5079, óstaðsettur í hús.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Hanna Lára Helgadóttir hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 495.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 495.000, frá 1. desember 2000 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Hin umstefnda skuld er samkvæmt vixli nr. 34676, að fjárhæð kr. 495.000 útgefnum og framseldum þann 30. október 2000 af stefnda, Guðjóni H. Haukssyni, en samþykktum til greiðslu af hinu stefnda félagi Akureyrarleið ehf., þann 1. desember 2000 í Sparisjóði vélstjóra, Reykjavík og ábektum af stefnda Braga Höskuldssyni. Með undirritun sinni lýsti útgefandi víxilsins því yfir að afsögn víxilsins væri óþörf. Víxillinn var framseldur Sparisjóði vélstjóra.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til víxillaga nr. 93/1933, einkum 7. kafla laganna um fullnustu vegna greiðslufalls. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi birtingur vísast til 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- Víxill að upphæð kr. 495.000.
- Afrit innheimtubrefs dags. 23. febrúar 2001.
- Útskrift úr hlutafélagaskrá.
- Staðfesting Þjóðskrár.
- Lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á

stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík þann 13. september 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar gagnvart hinu stefnda félagi, Akureyrarleið ehf., fyrirsvarsmaður: Guðjón H. Hauksson og stefnda Guðjóni H. Haukssyni, en 1 mánuður gagnvart stefnda Braga Höskuldssyni.

Reykjavík, 29. júní 2001.  
F.h. stefnanda,  
**Hanna Lára Helgadóttir** hrl. <sup>(9183)</sup>

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, 108 Reykjavík

*Stefnda:* Birna Björnsdóttir, kt. 021267-5899, óstaðsett í hús í Kópavogi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 68.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 17.396 frá 2. febrúar 2000 til 2. mars 2000, af kr. 66.320 frá 2. mars 2000 til 2. apríl 2000, af kr. 67.160 frá 2. apríl 2000 til 2. maí 2000, af kr. 68.000 frá 2. maí 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er skv. framlögðum reikningum stefnanda og er til komin v/notkunar stefndu á Sparikorti Bónus nr. 9352-6005-0264-0107 og 9352-6005-0264-0115. Umrædd kort eru greiðslukort, eingöngu ætluð til notkunar í verslunum Bónus, og eru útgefin af stefnanda máls þessa. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

| Nr. | Útgáfudagur      | Gjalddagi       | Fjárhæð |
|-----|------------------|-----------------|---------|
| 1.  | 17. janúar 2000  | 2. febrúar 2000 | 17.396  |
| 2.  | 17. febrúar 2000 | 2. mars 2000    | 48.924  |
| 3.  | 17. mars 2000    | 2. apríl 2000   | 840     |
| 4.  | 17. apríl 2000   | 2. maí 2000     | 840     |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 68.000 sem er stefnufjárhæðin auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi er 2. virkur dagur á eftir úttektartímabili sem er frá 18. degi hvers mánaðar til 17. dags næsta mánaðar á eftir.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi er ekki

virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Málshöfðun á hendur stefndu hefur áður verið reynd en án árangurs. Birting stefnu hefur tvisvar sinnum áður verið reynd á þá skráðu lögheimili stefndu að Víðigrund 29 en þá fengust þær upplýsingar að hún væri ekki þar lengur. Nú er stefnda óstaðsett í hús skv. Þjóðskrá og leit stefnanda að dvalarstað stefndu hefur engan árangur borið. Ber stefnanda því nauðsyn að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Varðandi varnarþing vísast til 36 gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu vísast til a liðs 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Reikningar og innheimtubréf lögmanns stefnanda. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefndu tilefni til.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v/Lækjartorg Reykjavík, þann 6. september 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hún átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 28. júní 2001.  
F.h. stefnanda,  
**Bjarni Þór Óskarsson.** <sup>(9230)</sup>

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Fjarðarstál ehf., kt. 691298-4269, Eyrartröð 6, 220 Hafnarfirði.

*Stefndi:* Hvolf ehf., kt. 650277-0319, skráð á Vallargötu 16, 240 Grindavík, fyrirsvarsmaður Nótt Thorberg Bergsdóttir, kt. 171276-3499, óstaðsett í hús, f.h. félagsins.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 447.187, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 447.187 frá 29. desember 1999 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Stefnandi er félag sem hefur með höndum rekstur járn- og blikk-smiðju í Hafnarfirði. Skuld hins stefnda félags er tilkomin vegna keyptrar þjónustu, eða nánar tiltekið smíði innréttinga í verslun hins stefnda félags í miðbæ Hafnarfjarðar. Þess ber að geta að hið stefnda félag hefur skipt um nafn frá því að reikningur þessi var gefinn út. Var nafni hins stefnda félags breytt úr Stefánsblómum í Hvolf. Önnur breyting var ekki gerð á högum félagsins. Krafa stefnanda grundvallast á framlögðum reikningi:

| Nr. | Útgáfudagur   | Gjalddagi     | Fjárhæð |
|-----|---------------|---------------|---------|
| 1.  | 29. des. 1999 | 29. des. 1999 | 447.187 |

Ofangreind fjárhæð er stefnufjárhæð máls þessa auk vaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum aðila skyldi vera verklok, en það var einmitt þá sem stefnandi gaf út reikninginn. Er því krafist dráttarvaxta frá dagsetningu reiknings. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Málið er höfðað á starfsstöðvarvarnarþingi stefnanda.

Málshöfðun þessi hefur áður verið reynd án árangurs þar sem ekki tókst að birta fyrir fyrir-tækinu. Samkvæmt upplýsingum stefnanda er ekkert fyrirtæki með nafni stefnda starfrækt í Grindavík og auk þess er Vallargata ekki til í Grindavík. Þá er fyrirsvarsmaður hins stefnda félags óstaðsett í hús skv. upplýsingum í Þjóðskrá. Árangurslaust hefur verið reynt að hafa upp á dvalarstað fyrirsvarsmanns og starfsstöð hins stefnda félags. Er stefnanda því nauðugur sá kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga sem og meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36 gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu vísast til a. lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram reikning og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður hins stefnda félags tilefni til.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á hið stefnda félag að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjaness, Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, dómsal 1, þann 5. september 2001, kl. 9.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart hinu stefnda félagi með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 28. júní 2001.  
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,  
**Herdís Hallmarsdóttir** hdl.

(9474

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Alþj. bifreiðatryggingar á Ísl., kt. 681071-0249, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.

*Stefndi:* Ragnar Jónsson, kt. 120275-4969, óstaðsettur í hús.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Helgi Jóhannesson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 169.809, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 169.809 frá 12. júlí 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Málavextir er þeir að þann 6. ágúst 1999 olli stefndi Ragnar

Jónsson tjóni er hann ók bifreiðinni OO-129 á tvær bensíndælar á bensinstöð Skeljungs hf. við Miklubraut til móts við Kringluna. Bifreiðin OO-129 var óvátryggð er tjónið varð, en eigandi hennar og ökumaður á þeim tíma var stefndi Ragnar Jónsson. Ökumaður hinnar óvátryggðu bifreiðar var í fullri sök. Á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 556/1993 greiddi stefnandi Skeljungi hf. bætur fyrir það tjón sem það varð fyrir og nam sú fjárhæð stefnufjárhæð í máli þessu. Ökumaður og skráningarskyldur eigandi bifreiðarinnar er tjóninu olli ber ábyrgð á því tjóni skv. 88., 90. og 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af þessum sökum beinir stefnandi kröfum sínum að þeim aðila í máli þessu. Krafa stefnanda byggist á meðfylgjandi reikningum sem er að samtölu kr. 169.809 og er það því stefnufjárhæð máls þessa. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Varðandi skaðabótaábyrgðina vísast til 88., 90. og 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 auk reglugerðar nr. 556/1993.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Reikning nr. 23653.
2. Tilkynning stefnanda til stefnda dags. 27. apríl 2000 og 12. júlí 2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 6. ágúst 1999.
4. Tilkynning tryggingafélagsins Tryggingamiðstöðvarinnar hf. til lögreglu mótt. 16. júní 1999.
5. Afrit innheimtubrúfs dags. 16. mars 2001.
6. Staðfesting þjóðskrár.
7. Lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í héraðsdómi Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 20. september 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 5. júlí 2001.  
F.h. stefnanda,  
**Helgi Jóhannesson** hrl.

(9509

## Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 22. júní 2001, var Ryðvarnarskálanum ehf., kt. 630300-2310, Smiðjuvegi 22, Kópavogi, veitt heimild til að leita nauðasamnings.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur nefndu félagi, að lýsa þeim

fyrir undirrituðum umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu umsjónarmanns að Skipholti 50b, Reykjavík.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum, sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans, á skrifstofu undirritaðs að Skipholti 50b, Reykjavík, fimmtudaginn 30. ágúst 2001 kl. 13.30 til að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Reykjavík, 2. júlí 2001.  
**Ásgeir Magnússon** hrl.

(9266 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 25. júní 2001, var bú Pálma Geirs Jónssonar, kt. 280346-2179, Hamragerði 8, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 11. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Strandgötu 29, Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 29, Akureyri, föstudaginn 5. október kl. 9.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 4. júlí 2001.

**Árni Pálsson** hrl.

(9485 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum þann 22. júní 2001, var bú Fjarðardekks ehf., kt. 510998-3679, Dalshrauni 1, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 17. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 114, 202 Kópavogur.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hlíðasmára 8, 3. hæð, Kópavogi, fimmtudaginn 1. nóvember 2001, kl. 9.00 árdegis.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(9512 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum þann 22. júní 2001, var bú Ís- og sælgætissölunnar ehf., kt. 500489-1549, Háabergi 41, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 18. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 114, 202 Kópavogur.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hlíðasmára 8, 3. hæð, Kópavogi, fimmtudaginn 1. nóvember 2001, kl. 10.00 árdegis.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(9513 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum þann 22. júní 2001, var bú Reynis  
Ingibjartssonar, kt. 030341-7599, Dvergholti 1,  
Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag  
var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabú-  
inu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 29. mars  
2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-  
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu  
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar  
innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í  
pósthólf 114, 202 Kópavogur.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Hlíðasmára 8, 3. hæð, Kópavogi, fimmtudaginn  
1. nóvember 2001, kl. 11.00 árdegis.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á  
skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(9514 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum þann 22. júní 2001, var bú Sigurðar  
Gísla Sigurðssonar, kt. 070669-4049, Stuðla-  
bergi 52, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta.  
Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri  
í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er  
10. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-  
um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu  
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar  
innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í  
pósthólf 114, 202 Kópavogur.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Hlíðasmára 8, 3. hæð, Kópavogi, fimmtudaginn  
1. nóvember 2001, kl. 13.00 síðdegis.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á  
skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

(9515 a

Kópavogi, 5. júlí 2001.  
**Logi Egilsson** hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-  
kveðnum þann 29. júní 2001, var Ellerti Kristni  
Alexanderssini, kt. 300669-4769, Álfaborgum  
27, Reykjavík, veitt heimild til að leita nauða-  
samnings. Undirritaður lögmaður var skipaður  
umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum.

Hér með er skorað á alla þá er telja sig eiga  
samningskröfur skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr.  
21/1991 á hendur nefndum manni að lýsa þeim  
fyrir undirrituðum umsjónarmanni með nauða-  
samningsumleitunum innan fjögurra vikna frá  
fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýs-  
ingar skulu sendar á nafn umsjónarmannsins að  
Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottn-  
um sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp  
skuldarans á skrifstofu undirritaðrar að Bæjar-  
hrauni 2, Hafnarfirði, þriðjudaginn 4. september  
2001 kl. 14.00, til þess að greiða þar atkvæði um  
frumvarpið.

Hafnarfirði, 9. júlí 2001.  
**Þórdís Bjarnadóttir** hdl.

(9646 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-  
kveðnum þann 6. júlí 2001 var bú Lapa Ísland  
ehf., kt. 560296-2159, Grensásvegi 13, Reykja-  
vík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var  
undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.  
Frestdagur við skiptin er 27. febrúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu

eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja  
mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.  
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Skeifunni 19, pósthólf 8700, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá um  
lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Skeifunni 19, 4. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn  
27. september 2001 kl. 11.00. Komi ekkert fram  
um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim  
skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr.  
21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á  
skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan  
skiptafund.

(9647 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-  
kveðnum þann 6. júlí 2001 var bú Vatns- og  
hitalagna ehf., kt. 420167-0169, Ármúla 21,  
Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag  
var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.  
Frestdagur við skiptin er 3. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja  
mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.  
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Skeifunni 19, pósthólf 8700, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá um  
lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Skeifunni 19, 4. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn  
27. september 2001 kl. 10.30. Komi ekkert fram  
um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim  
skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr.  
21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á  
skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan  
skiptafund.

(9648 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-  
kveðnum þann 6. júlí 2001 var bú Bjarna  
Hákonarsonar, kt. 060454-7019, Austurbrún 34,  
Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag  
var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.  
Frestdagur við skiptin er 23. febrúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja  
mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.  
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Skeifunni 19, pósthólf 8700, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá um  
lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Skeifunni 19, 4. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn  
27. september 2001 kl. 10.00. Komi ekkert fram  
um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim  
skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr.  
21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á  
skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan  
skiptafund.

(9649 a

Reykjavík, 12. júlí 2001.  
**Þórey Aðalsteinsdóttir** hdl.,  
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands  
eystra, uppkveðnum 25. júní 2001 var bú Ara  
Biering Hilmarssonar, kt. 080954-5739, Þverá,  
Eyjafjarðarsveit, 602 Akureyri tekið til gjald-  
þrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 9. maí  
2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum

fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan  
tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar  
þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Gránufélagsgötu 4, 2. hæð, 600 Akureyri eða í  
pósthólf 53, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Gránufélagsgötu 4, 2. hæð, Akureyri miðviku-  
daginn 3. október 2001 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi  
síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 28. júní 2001.  
**Hreinn Pálsson** hrl.

(9062 b

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands upp-  
kveðnum þann 14. júní 2001 var bú Snæbjörns  
Magnússonar, kt. 020247-3989, Iðufelli, 801  
Selfossi, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 9. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda  
og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja  
til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan  
tveggja mánaða frá birtingu fyrri innköllunar  
þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrif-  
stofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Austurvegi 6, Selfossi, 20. september kl. 9.00.  
Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama  
stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 27. júní 2001.  
**Guðjón Ægir Sigurjónsson** hdl.

(9178 b

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands upp-  
kveðnum þann 14. júní 2001 var bú Ellerts  
Jóhanns Hreinssonar, kt. 240564-2629, Högna-  
stíg 5, Flúðum, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 9. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda  
og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja  
til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan  
tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar  
þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrif-  
stofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Austurvegi 6, Selfossi, 20. september 2001 kl.  
9.00. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi  
á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 27. júní 2001.  
**Óskar Sigurðsson** hdl.

(9179 b

Bú Guðmundar Kristjáns Sigurðssonar, kt.  
171047-4399, Fálkaleiru 4c, Höfn í Hornafirði,  
var með úrskurði héraðsdóms Austurlands,  
uppkveðnum þann 25. júní 2001, tekið til gjald-  
þrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður  
skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 25.  
apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan  
tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar  
þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í  
pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Strandgötu 53, Fjarðabyggð, föstudaginn 21.  
september 2001, kl. 16.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(9248 b

Bú Gunnars Gunnlaugssonar, kt. 050154-5219, Hafnarbraut 15, Höfn í Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-  
kveðnum þann 25. júní 2001, tekið til gjald-  
þrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður  
skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 4.  
maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan  
tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar  
þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í  
pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Strandgötu 53, Fjarðabyggð, föstudaginn 21.  
september 2001, kl. 16.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi  
síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(9249 b

Fjarðabyggð, 28. júní 2001.  
**Gísli M. Auðbergsson** hdl.,  
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-  
kveðnum þann 14. júní 2001 var bú Bakkalág  
ehf., kt. 630693-2179, Hafnarskeiði 17, 815  
Þorlákshöfn, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 16. mars  
2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu  
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar  
innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-  
ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að  
Austurvegi 3, Selfossi, miðvikudaginn 19.  
september 2001 kl. 11.30. Skrá um lýstar kröfur  
mun liggja frammi síðustu viku fyrir skipta-  
fundinn.

Selfossi, 27. júní 2001.  
**Sigurður Sigurjónsson** hrl.

(9250 b

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-  
kveðnum þann 14. júní 2001 var bú Ölfusvíkur  
ehf., kt. 581298-2699, Laugabökkum, 801 Sel-  
fossi, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 11. maí  
2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til  
skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu  
eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum  
fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu  
innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar  
innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar  
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum  
búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra  
að Austurvegi 3, Selfossi miðvikudaginn 26.  
september 2001 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur  
mun liggja frammi síðustu viku fyrir skipta-  
fundinn.

Selfossi, 28. júní 2001.  
**Sigurður Jónsson** hrl.

(9268 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum hinn 22. júní 2001, var bú Fimm ehf.,

kt. 560998-2799, Lækjarfit 7, Garðabæ, tekið til  
gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskipt-  
in er 24. apríl 2001.

Er hér með skorað á alla þá, sem til skulda  
telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna  
í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undir-  
rituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá  
fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Reykjavíkurvegi 60, pósthólf 646, 222 Hafnar-  
firði.

Skiptafundur verður haldinn fimmtudaginn 4.  
október 2001, kl. 9.00 að Reykjavíkurvegi 60,  
Hafnarfirði. Á skiptafundinum verður fjallað um  
málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar  
kröfur, og ákvarðanir teknar um önnur mál er  
það varðar, þ. á m. um hugsanlegar málshöfðanir  
af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja  
frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boð-  
aðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-  
mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna,  
eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram  
í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst  
afstaða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(9172 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum hinn 22. júní 2001, var bú Björgvins  
Karls Gunnarssonar, kt. 190576-5909, Mar-  
bakkabraut 7, Kópavogi, tekið til gjaldþrota-  
skipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 9.  
apríl 2001.

Er hér með skorað á alla þá, sem til skulda  
telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna  
í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undir-  
rituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá  
fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Reykjavíkurvegi 60, pósthólf 646, 222 Hafnar-  
firði.

Skiptafundur verður haldinn fimmtudaginn 4.  
október 2001, kl. 10.00 að Reykjavíkurvegi 60,  
Hafnarfirði. Á skiptafundinum verður fjallað um  
málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar  
kröfur, og ákvarðanir teknar um önnur mál er  
það varðar, þ. á m. um hugsanlegar málshöfðanir  
af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja  
frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boð-  
aðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-  
mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna,  
eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram  
í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst  
afstaða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(9173 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum hinn 22. júní 2001, var bú Þ.M.  
járnabindinga ehf., kt. 430200-2830, Dvergholti  
11, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-  
dagur við gjaldþrotaskiptin er 7. mars 2001.

Er hér með skorað á alla þá, sem til skulda  
telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna  
í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undir-  
rituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá  
fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Reykjavíkurvegi 60, pósthólf 646, 222 Hafnar-  
firði.

Skiptafundur verður haldinn fimmtudaginn 4.  
október 2001, kl. 13.00 að Reykjavíkurvegi 60,  
Hafnarfirði. Á skiptafundinum verður fjallað um  
málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar  
kröfur, og ákvarðanir teknar um önnur mál er  
það varðar, þ. á m. um hugsanlegar málshöfðanir  
af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja  
frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boð-  
aðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-  
mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna,

eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram  
í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst  
afstaða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(9174 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum hinn 22. júní 2001, var bú Gísla Birgis  
Gíslasonar, kt. 231161-3769, Eyrarholti 2,  
Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-  
dagur við gjaldþrotaskiptin er 24. apríl 2001.

Er hér með skorað á alla þá, sem til skulda  
telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna  
í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undir-  
rituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá  
fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að  
Reykjavíkurvegi 60, pósthólf 646, 222 Hafnar-  
firði.

Skiptafundur verður haldinn fimmtudaginn 4.  
október 2001, kl. 11.00 að Reykjavíkurvegi 60,  
Hafnarfirði. Á skiptafundinum verður fjallað um  
málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar  
kröfur, og ákvarðanir teknar um önnur mál er  
það varðar, þ. á m. um hugsanlegar málshöfðanir  
af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja  
frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boð-  
aðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-  
mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna,  
eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram  
í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst  
afstaða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(9175 b

Hafnarfirði, 28. júní 2001.  
**Ingi H. Sigurðsson** hdl.,  
skiptastjóri.

## Skiptafundur

Skiptafundur verður haldinn í þrotabúi Aðal-  
steins Stefánssonar, kt. 061260-4719, með lög-  
heimili að Vallarási 2, Reykjavík á skrifstofu  
undirritaðs skiptastjóra í búinu að Skeifunni 11a,  
3. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 16. ágúst 2001  
kl. 14.00. Komi ekkert fram um eignir í þrota-  
búinu í síðasta lagi á þeim fundi verður skiptum  
lokið á fundinum með vísan til 155. gr. laga nr.  
21/1991.

Reykjavík, 9. júlí 2001.  
**Dögg Pálsdóttir** hrl.

(9510

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum mánudaginn 16. október 2000, var bú  
Vilhjálmς K. Eyjólfssonar, kt. 271254-4829,  
Kirkjubraut 7, Njarðvík, tekið til gjaldþrota-  
skipta. Sama dag var undirritaður skipaður  
skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu, og var skiptum  
því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr.  
21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. án þess að  
greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem endan-  
lega námu samtals kr. 4.638.565, auk áfallinna  
vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjald-  
þrotaskipta.

Reykjavík, 3. júlí 2001.  
**Viðar Lúðvíksson** hdl.,  
skiptastjóri.

(9265

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-  
kveðnum 25. maí 1999, var bú Arnrúnar L.  
Karlsdóttur, kt. 190958-6209, Flókagötu 47,  
Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Sama dag var undirritaður skipaður skipta-  
stjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu, og er skiptum  
því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr.  
21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar



kröfur að fjárhæð kr. 19.125.796, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir að úrskurður um gjaldþrotaskipti gekk.

Hafnarfirði, 29. júní 2001.  
**Þorsteinn Pétursson** hdl.,  
 skiptastjóri.

(9502

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp­kveðnum 20. desember 2000, var bú Kristins Ingimundarsonar, kt. 241268-3309, Faxabraut 4, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

